

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2020

2023/EES/22/25

frá 18. júní 2020

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/696 frá 25. maí 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu með tilliti til heimsfaraldursins af völdum COVID-19 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 64a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0696**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/696 frá 25. maí 2020 (Stjtíð. ESB L 165, 27.5.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/696 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 165, 27.5.2020, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.